



Til bæjarráðs Garðabæjar

bt. Guðjóns Friðrikssonar, bæjarritara

Vegna 17. júní hátíðahalda í Garðabæ

Í framhaldi af fundi undirritaðra með bæjarritara í morgun, sendum við hér formlegt bréf til bæjarráðs.

Eins og öllum bæjarbúum er ljóst, þá er hátíðarhlaðborg Kvenfélags Garðabæjar fastur liður í hátíðarhöldum í bænum. Þar sem stórfjölskyldan kemur árlega saman, sem við söknuðum á liðnu ári.

Þetta verkefni er fastur liður í sjálfböðavinnu félagskvenna að baka og vinna á 17. júní sem er stærsta fjáröflun félagsins ár hvert. Einnig kemur fjallkonan úr röðum Kvenfélags kvenna.

Á liðnu ár voru hátíðarhöldin á Garðatorgi, en kaffihlaðborðið í Flataskóla sem dró verulega úr þátttöku til kvenfélagsins, sem varð rýrnun uppá um 35% af innkomu. Það þarf væntanlega ekki að upplýsa bæjaryfirvöld að kvenfélagið styrkir samfélagsverkefni í bænum.

Hugmyndin er að færa hátíðarhlaðborð félagsins uppá Garðatorg og spyrjum við því hvort möguleiki sé á að fá nýja fundarsali Sveinatungu fyrir næsta 17. júní ef hátíðarhöldin verða á Garðatorgi?

Við sjáum fyrir okkur að setja upp skemmtilega kaffihúsa stemningu á inntorgi Garðtorgs í nálægð við hátíðarsvæðið.

Garðabæ, 21. mars 2019

Með kveðju fh. stjórnar Kvenfélags Garðabæjar

Sigurbjörg Helena Jónasdóttir, formaður

Erla Bil Bjarnardóttir, ritari